

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. september 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-31/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. mars sl. bað Þorfinnur X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á tónlistarspilara, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu eða nýrrar afhendingar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 10. apríl sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 17. apríl. Með bréfi, dags. 18. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær sama dag. Með bréf, dags. 23. apríl, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og frest til þess til 7. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að í desember 2012 fékk sonur álitsbeiðanda tónlistarspilara af gerðinni iPod Touch 16GB í jólagjöf en álitsbeiðandi gerir kröfur á hendur seljanda fyrir hans hönd. Var kaupverð tónlistarspilarans kr. 40.840. Um þremur mánuðum síðar bilaði tónlistarspilarinn. Lýsti bilunin sér með þeim hætti að vír í hleðslutengi tækisins bognaði, með þeim afleiðingum að ekki var hægt að hlaða tækið. Var tækið í kjölfarið dæmt ónýtt af verkstæði seljanda. Álitsbeiðandi telur að tækið sé enn í ábyrgð skv. lögum nr. 48/2003 um neytendakaup og að það sé illa hannað og því haldið galla sem ekki sé á ábyrgð neytanda. Tækið hafi aðeins verið hlaðið um 15 sinnum frá jólum og notkunin takmörkuð. Sé ending tengisins því óásættanleg. Eins telur álitsbeiðandi það með ólíkindum að hægt sé að skemma tengið við eðlilega notkun á því, þ.e. með því að tengja í það hleðslunúru.

Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi leggi sér til nýtt tæki, eða endurgreiði sér kaupverð þess. Meðfylgjandi álitsbeiðni er reikningur fyrir kaupum á tónlistarspilaranum, dags. 10. desember sl., að fjárhæð kr. 40.840.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að tónlistarspilari álitsbeiðanda hafi borist verkstæði seljanda hinn 25. mars 2013. Hafi tækið verið skoðað af tæknimanni og hafi úrlausn hans verið svohljóðandi: „Hleðslutengi skemmt, pinnar bognir, útskipti bjóðast á kr. 23.490 [...]“.

Þá kemur fram að mat seljanda og framleiðanda vörunnar sé að um sé að ræða bilun sem orsakist af slysi, einhverskonar misnotkun eða rangri notkun þegar hleðslunúru er annaðhvort stungið í samband við hleðslutengið eða hún fjarlægð úr hleðslutækinu. Bilun af þessum toga gerist ekki við rétta notkun tækisins við fylgihluti og því sé ekki um galla að ræða sem falli undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Matið sé byggt á sölu og þjónustu seljanda á tugþúsundum eintaka af vörum með sama hleðslutæki. Samskonar vörur séu framleiddar í milljónum eintaka og ef um galla væri að ræða þá væri hann kominn fram í fjölmörgum tækjum til viðbótar. Þá telur seljandi að hafi bilunin verið til staðar við

upphaflega sölu tækisins hefði það verið ónothæft frá upphafi. Að lokum kemur fram að almenn stefna seljanda sé sú að þegar vafi leiki á því hvort bilun falli undir ábyrgð eða ekki, fái neytandi að njóta vafans að fullu. Í þessu tilviki sé hins vegar svo farið að mati tæknimanna seljanda, auk framleiðanda, að enginn vafi leiki á að bilun í tækinu verði rakin til óhapps. Er kröfum álitsbeiðanda því hafnað.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda er krafa álitsbeiðanda ítrekuð. Þá er ítrekað að tækið hafi ekki orðið fyrir hnjaski í meðförum álitsbeiðanda og að það hafi bilað eftir aðeins þriggja mánaða notkun. Þá bendir álitsbeiðandi á að samkvæmt ótilgreindum vefsíðum sé samskonar tækjum skipt út innan þriggja mánaða í þeim tilvikum sem sams konar bilunar verður vart. Þá krefst álitsbeiðandi þess að tveggja ára neytendaábyrgð sé virt.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Sem fyrr greinir var tónlistarspilari sá er um er deilt keyptur af seljanda hinn 10. desember 2012 fyrir kr. 40.840. Er tónlistarspilarinn af gerðinni iPod Touch 16GB.

Samkvæmt því sem rakið er að framan liggur fyrir að ekki er hægt að hlaða umræddan tónlistarspilara. Hlutlægt séð er því tónlistarspilarinn haldinn galla í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga m.a. vegna þess að hann, í núverandi ástandi hentar ekki í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Í 2. mgr. 18. gr. sömu laga að ef annað sannist ekki, skuli galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Ákvæði 2. mgr. 18. gr. kveður á um að sönnunarbyrðin fyrir því að söluhlutur sé ekki haldin galla hvíli á seljanda innan tímamarka greinarinnar. Að mati kærunefndarinnar hefur seljandi, með því að leggja fram bilunargreiningu á tækinu sem bendir til þess að ástand tækisins verði rakið til notkunar á því, en ekki til galla, axlað sönnunarbyrði sína. Er það því í höndum álitsbeiðanda að sýna fram á að tækið sé haldið galla, og að sá galli sé hvorki sök neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varði, sbr. 26. gr. sömu laga. Það hefur álitsbeiðandi ekki gert. Verður kærunefndin því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir